



Félags- og menningarmálanefnd - 17.02.2015

3. fundur

17. febrúar 2015, kl 15:00-17:00

Fundarstaður: Hlíðavegur 6

Fundarmenn:

Starfsmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

Dagskrá:

1. *Fundarsetning*
2. *Jafnréttisáætlun*
3. *Menningarfélagið Gjallandi - Beiðni um félagsaðstöðu og ályktun stjórnarfundar*
4. *Styrkveitingar – fyrri úthlutun 2015*
5. *Önnur mál*

1. Fundarsetning

Elísabet setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Jafnréttisáætlun

Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að hafa samband við Jafnréttisstofu og leita ráðgjafar varðandi endurskoðun og uppfærslu á Jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Elísabet sagði frá því að hún hefði sett sig í samband við Bryndísi hjá Jafnréttisstofu á Akureyri og þar var vel tekið í erindið. Bryndísi hefur verið send áætlunin og næstu skref eru þau að nefndin fær álit á stefnunni og í framhaldinu verður ákveðið hvort nefndin sér um endurskoðun og uppfærslu sjálf eða fær Jafnréttisstofu til að leiða ferlið. Nefndin er

sammála um að taka málið aftur upp á næsta fundi eftir að svör hafa borist frá Jafnréttisstofu.

3. Menningarfélagið Gjallandi – beiðni um félagsaðstöðu og ályktun stjórnarfundar

Elísabet tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið. Nefndin leggur til að Menningarfélagið Gjallandi fái aðstöðu í Skjólbrekku og því ætti að hafa það í huga þegar samningar um Skjólbrekku eru lausir í lok árs. Nefndin er sammála um að félagið hafi unnið öflugt starf frá stofnun þess og staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum. Með tilliti til Menningarstefnu Skútustaðahrepps er mikilvægt að menningarstarfsemi sé tryggð og tilvalið fyrir sveitarfélagið að styðja þetta öflugna starf eftir fremsta megni.

Varðandi framtíðarsýn að nýtingu hússins er nefndin sammála því að kanna ætti möguleikann á að auka nýtingu á húsnæðinu með það að markmiði að gera það sjálfbært til lengri tíma litið. Einnig að það verði haft að leiðarljósi að byggja þar upp í þágu félags- og menningarmála.

Nefndin hefur áhuga á að kynna sér möguleikann á því að fá styrk í formi vinnuframlags háskólanema sem gæti haft það verkefni að setja upp áætlun varðandi nýtingu og rekstur hússins. Óli Þröstur tekur að sér að kanna þennan möguleika.

Að lokum hvetur nefndin sveitarstjórn til þess að hefja undirbúning 60 ára afmælis Skjólbrekku sem fyrst.

4. Styrkveitingar – fyrri úthlutun 2015

Styrkjum til lista- og menningarstarfs er úthlutað tvisvar á ári og ákvað nefndin að þessu sinni að nýta tæplega helming þess fjármagns sem áætlað er að nota í slíka styrki á árinu 2015. Nefndin gleðst yfir því hve margar umsóknir bárust en að þessi sinni voru þær 9.

Nefndin leggur til að styrkjum verði úthlutað sem hér segir:

Nemendafélag Framhaldsskólans á Laugum – Tónkvíslin 2015	15.000 kr.
Karлакórinn Hreimur – 40 ára afmælistónleikar	20.000 kr.
Alkemía ehf. – Lista og fræðimannabúðir í Mývatnssveit	50.000 kr.
Mývatnssstofa ehf. – Heimboð á Jónsmessunótt - Jólasveinarnir í Dimmuborgum	80.000 kr.
Músík í Mývatnssveit – Músík í Mývatnssveit á páskum	100.000 kr.
Garðar Finnsson og Hilda Kristjánsdóttir – Munnleg hefð í Mývatnssveit - Menningararfur sem má ekki glatast	135.000 kr.

5. Önnur mál

Engin mál voru rædd undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 17:00.